

---

**2016 nr. 108 19. október****Lög um Grænlandssjóð**

Tóku gildi 22. október 2016.

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **menningar- og viðskiptaráðherra** eða **menningar- og viðskiptaráðuneyti** sem fer með lög þessi.

**■ 1. gr. Hlutverk.**

□ Hlutverk Grænlandssjóðs er að efla samskipti Grænlands og Íslands í samræmi við ákvæði þessara laga.

□ Grænlandssjóður veitir styrki til kynnisferða, námsdvalar, listsýninga, íþróttaviðburða og annarra málefna á sviði menningar, menntunar og vísinda sem geta stuðlað að auknum samskiptum Grænlandinga og Íslendinga.

**■ 2. gr. Sjóðstjórn.**

□ Ráðherra skipar þrjú menn í sjóðstjórn Grænlandssjóðs, einn samkvæmt tilnefningu Alþingis, einn samkvæmt tilnefningu utanríkisráðuneytis og einn án tilnefningar og skal hann vera formaður. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

□ Sjóðstjórn hefur á hendi stjórn sjóðsins og gerir tillögur til ráðherra um styrkveitingar.

□ Ráðherra úthlutar styrkjum úr Grænlandssjóði að fengnum tillögum stjórnar sjóðsins.

□ Ráðherra er heimilt að semja við þar til bærán aðila um að annast umsýslu Grænlandssjóðs.

□ Ríkissjóður annast fjárreiður Grænlandssjóðs. Kostnaður af starfsemi Grænlandssjóðs greiðist úr sjóðnum sjálfum.

**■ 3. gr. Úthlutun.**

□ Til styrkveitinga skal verja allt að 3 millj. kr. á ári miðað við verðlag ársins 2016 þar til sjóðurinn er uppurinn.

□ Gjafir til sjóðsins skulu leggjast við höfuðstól hans.

□ Auglýst skal eftir umsóknum um fjárveitingu úr sjóðnum í dagblöðum eða á sambærilegan hátt, bæði á Íslandi og Grænlandi, í upphafi hvers almanaksárs.

**■ 4. gr. Reglugerðarheimild.**

□ Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara í heild eða einstakar greinar þeirra.

**■ 5. gr. Gildistaka.**

□ Lög þessi taka þegar gildi. . . .